



## BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

LÁGMULA 7 - SIMAR 812090, 812112 - FAX 679239 - PÓSTHÓLF 8801 - 128 REYKJAVÍK

Menntamálanefnd Alþingis  
Sigríður A. Þórðardóttir  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Eindli nr. 115 / 726  
Marsdagur 23 / 3 1992

Reykjavík 17. mars 1992

Meðfylgjandi er umsögn Bandalags háskólanna um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Bandalagið vill láta í ljós óánægju með að hafa ekki fengið frumvarpið til umsagnar frá nefndinni, en BHM er heildarsamtök íslenskra háskólanna með um 8000 félagsmenn og er yfirlýst markmið samtakanna að efla menntun og vísindi í landinu.

Óskar bandalagið eindregið eftir því að fá til umsagnar öll þau frumvörp er tengjast menntun og rannsóknum.

Virðingarfyllt  
Bandalag háskólanna

  
Sigmundur Stefánsson

## UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM LÁNASJÓÐ ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Bandalag háskólamanna vill í fyrsta lagi vekja athygli á ályktun 9. þings bandalagsins, þar sem stjórnvöld eru minnt á nauðsyn þess að jafna aðstöðumun til menntunar, hvort heldur er vegna efnahags eða búsetu. Ennfremur taldi þingið brýnt að Lánasjóður íslenskra námsmanna yrði skipulagður með þeim hætti að hann gegndi jöfnunarhlutverki sínu. Bandalagið leggur því megináherslu á að þegar lögum um lánasjóðinn er breytt verði í engu hvikað frá því meginmarkmiði að jafna aðstöðu til náms.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er eingöngu til komið vegna fjárhagsvanda sjóðsins, en ekki vegna þess að gildandi lög hafi reynst illa við að ná menntunarlegum markmiðum þjóðfélagsins. Því miður vill það mjög brenna við hér á landi að ákvarðanir í hinum ýmsu málum séu teknar án þess að fjárhagsdæmið sé skoðað til hlítar og síðan þegar fjármálin fara úr höndum er sá vandi einatt leystur án þess að horft sé á meginmarkmiðin. Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna og fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar eru dæmi um þetta.

Við allar breytingar á lögum um lánasjóðinn er mikilvægt að hafa í huga hvort þær komi til með að beina námsfólki á háskólastigi inn á vissar námsleiðir umfram aðrar. Í nágrannalöndum okkar er nú lögð mikil áhersla á að efla hvers konar rannsóknabúnað framhaldsnám í háskólum. Tilgangurinn með þessu er m.a. að bæta samkeppnisstöðu þessara landa þegar markaðir fyrir vörur og vinnuafli opnast. Nú stendur fyrir dyrum að hefja framhaldsnám við Háskóla Íslands og virðist ljóst að þeir er hyggja á slíkt nám þurfa námsaðstoð með hagstæðari kjörum en þeir er ljúka þriggja til fimm ára háskólanámi þar sem reynslan sýnir að hvert viðbótarár í háskólanámi skilar sér ekki í launum. Í þessu sambandi þarf einkum að huga að öfluggu styrkjakerfi eða sérstakri deild í sjóðnum þar sem lán eru hagstæðari en hin almennu.

### Athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins.

#### Vextir á námslán

Bandalag Háskólamanna leggst eindregið gegn því að vextir verði lagðir á námslán og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð samstarfsnefndar námsmannahreyfingarinnar varðandi arðsemi þess fjármagns sem sett er í námsaðstoð.

#### Stytting greiðslufrests og stytting lánstíma.

Þessar breytingar frá gildandi lögum munu koma sér mjög illa fyrir lánþega, þar sem afborganir af námslánum hefjast á meðan þeir eru að koma sér fyrir á vinnmarkaðnum og í mörgum tilfellum að koma sér upp húsnæði. Þessi breyting hefur einnig í för með sér léttari afborganir hjá lánþegum með háar tekjur en lágar námsskuldir heldur en í gildandi kerfi eins og bent er á í greinargerð námsmanna. Þá má búast við að ýmis vafaatriði komi upp varðandi ákvörðun um námslok og hvenær námsmaður skuli teljast hættur í námi.

### Námsstyrkir og efling Vísindasjóðs

Bandalag háskólamanna telur vel koma til greina að námsstyrkir verði framvegis veittir úr Vísindasjóði, en skilyrði fyrir því er að sjóðurinn verði eflður þannig að framlög hans til annarrar vísindastarfsemi verði í engu skert. Til greina kæmi í þessu sambandi að deildaskipta sjóðnum. Mjög mikilvægt er að frá þeim málum verði gengið jafnhliða afgreiðslu á frumvarpi um lánasjóðinn.

### Aukin völd stjórnar LÍN

Verði fyrirbyggjandi frumvarp að lögum mun stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna fá stórlega aukin völd miðað við þau völd sem hún hefur í gildandi lögum. Bandalag háskólamanna telur nauðsynlegt að sem flestir þættir varðandi námsaðstoð verði bundnir í lögum og reglugerðum. Annað fyrirkomulag kallar á hvers kyns ósamræmi og fyrirvaralausar breytingar á starfsháttum.

Bandalag háskólamanna leggur að lokum áherslu á að mótuð verði heildstæð menntastefna fyrir öll skólastig hér á landi og lýsir sig reiðubúið að leggja sitt af mörkum í nauðsynlegu starfi við mótnun slíkrar stefnu. Slík menntastefna er forsenda þess að unnt sé að setja skýr markmið í þau lög sem tengjast skólakerfinu s.s. um námslán og námsstyrki.